



Varmahlíðarskóli óskar eftir grunnskólakennara til að sinna textílkennslu

Upphaf starfs:	1. ágúst 2019.
Starfsheiti:	Grunnskólakennari.
Starfshlutfall:	45% starfshlutfall.
Lýsing á starfinu:	Í starfinu felst kennsla í textílmennt á öllum aldursstigum skólans. Grunnskólakennari starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu sveitarfélagsins. Í verkgreinakenndu Varmahlíðarskóla er áhersla lögð á endurnýtingu. Starfið hentar konum jafnt sem körlum.
Menntunarkröfur:	Grunnskólakennari með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla.
Hæfniskröfur:	Faglegur metnaður og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi. Hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla og áhugi á að starfa með börnum. Hreint sakavottorð skv. lögum um grunnskóla.
Vinnutími:	Dagvinna.
Launakjör:	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ vegna FG.
Umsóknarfrestur:	Er til og með 19. júní 2019.
Nánari upplýsingar:	Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri Varmahlíðarskóla, í síma 455-6023 eða hannadora@varmahlidarskoli.is .
Umsóknir:	Umsókn ásamt ferilskrá, prófskírteini og leyfisbréfi skal skilað í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins eða í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is (laus störf). Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Í Varmahlíðarskóla eru um 100 nemendur í 1.-10. bekk. Flestir nemendur skólans koma úr Varmahlíð og drefibýli í framanverðum Skagafirði. Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt, fjölbreytt og sveigjanlegt starf með nemendum, foreldrum, starfsmönnum og grenndarsamfélaginu. Nám er kjarni skólastarfsins og efling náms er meginviðfangsefni starfsmanna skólans. Varmahlíðarskóli starfar sem heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á hreyfingu og heilbrigða lífshætti.